



## Úthlutunarreglur Samfélagsstyrkir Kjósarhrepps

### 1. Markmið

Markmið samfélagsstyrkja Kjósarhrepps er að styrkja og styðja einstaklinga, frjáls félagasamtök, stofnanir og hópa. Styrkjunum er ætlað að stuðla að frumkvæði og samheldni í samfélagsverkefnum og virkja þann samfélagsauð sem sveitafélagið býr yfir.

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrki vegna sérstakra viðburða eða verkefna í sveitarfélaginu, m.a vegna hátíða, hreinsunarátaka, nágrannavörslu, hvatningaverðlauna o.fl. Ekki er gert ráð fyrir að styrkir standi undir rekstrarkostnaði. Leitast skal við að veita styrki til verkefna sem falla að hlutverki sveitarfélagsins eða teljast á annan hátt vera í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun.

### 2. Árlegt framlag

Hreppsnefnd ákveður á fjárhagsáætlun ár hvert þær upphæðir sem leggja skal til samfélagsstyrkja. Styrkupphæðir ár hvert ráðast af þeirri ákvörðun.

### 3. Um meðferð og afgreiðslu umsókna

Sveitarstjóri auglýsir eftir umsóknum um samfélagsstyrki einu sinni að vori og einu sinni að hausti. Auk þess sem hann safnar saman þeim styrkbeiðnum sem berast á öðrum tíma og leggur fyrir næsta fund er ákvarðar úthlutun.

Úthlutað er tvisvar á ári á fundi sveitarstjórnar, fyrra skiptið í apríl og það seinna í október. Hreppsnefnd getur falið fastanefnd að sjá um úthlutanir.

Sveitarstjórn getur í undantekningartilfellum tekið tiltekna styrkveitingu til umfjöllunar og veitt styrk sé meirihluti sveitarstjórnar fyrir þeirri fjárveitingu.

Sveitarstjórn getur kallað eftir álitum viðkomandi fagnefndar á styrkbeiðni áður en að úthlutun kemur.

Verkefni/atburðir skulu eiga sér stað á almanaksárinu sem styrkveiting fer fram.

Verkefni/atburðir mega ekki vera að þiggja aðra styrki frá sveitarfélaginu.

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu á styrkfé ef gefnar hafa verið upp rangar upplýsingar í umsókn eða verkefni ekki framkvæmt af einhverjum sökum.

Heimilt er að hafna umsóknum.

Styrkur er greiddur út að tveimur þriðja hluta við úthlutun og að einum þriðja er lokaskýrsla verkefnis/viðburðar berst. Hreppsnefnd er heimilt að víkja frá þessu ef hún metur svo.



#### **4. Afgreiðsla umsókna**

Styrkumsóknir skulu berast sveitarsjóði á þar til gerðu eyðublaði og undirritaðar af umsækjanda og/eða ábyrgðaraðila verkefnis, sem heimild hefur til að undirrita umsókn fyrir hönd umsækjanda ef um félag eða hópa er að ræða.

Mikilvægt er að greinargóðar upplýsingar komi fram í umsókn um tilgang, tímasetningu og fjárhagsáætlun verkefnisins.

Heimilt er að vísa frá umsóknum ef fullnægjandi upplýsingar koma ekki fram.

Félög og/eða hópar sendi inn ársreikning síðasta liðins árs og fjárhagsáætlun þess árs sem um ræðir.

#### **5. Endurskoðun**

Reglur þessar skulu endurskoðaðar reglulega.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Kjósarhrepps 06.11.2018